



# Hjálparsveitin .. DALBJÖRG

Útg. og ábm.: Hjálparsveitin Dalbjörg • 1. tbl. 19. árg. • Desember 2019



*Gleðilegt ár!*

# Björgunarleikar 2019



Made in Sveitin á góðri stund.

Föstudaginn 17. maí lögðu af stað í leiðangur sex sveitungar. Leiðin lá austur á Egilsstaði þar sem fram fóru Björgunarleikar SL í sól og blíðu en eru þeir haldnir annað hvert ár samhliða Landsþinginu. Á föstudagskvöldinu var grill og lopapeysustemning en á laugardeginum fóru sjálfir leikarnir fram. Áð þeim loknum var árs hátíð SL haldin í íþróttahúsinu á Egilsstöðum. Heljarinnar balli var slegið upp og skemmtum við okkur fram á nótt. Á sunnudeginum héldum við heim á leið, þreytt en afar sáttt með helgina.

Liðið okkar sem heitir af augljósum ástæðum „Made in Sveitin“ saman stóð af Bubba formanni, Bjarka leikfélaga Bubba, Jóni stóra og Sunnu litlu, Elmari uppgjafarbónda og Eydís systur hans sem vinnur hann í sjómann. Björgunarsveitin Hérað á Egilsstöðum var búin að undirbúa sex skipulagðar þrautir yfir daginn. Þær samanstóðu meðal annars af því að skipta um dekk á jeppa á sem stystum tíma, lyfta upp vörubrettum með óhefðbundnum búnaði þar



Made in Sveitin og Dívur í skemmtilegu verkefni.



Eydís og Sunna massa bekkpressuverkefnið.



Stórskemmtilegt kajakverkefni á Urriðavatni.



sem var vatnsglas á toppnum sem ekki mátti sullast úr og í einni þrautinni áttum við svo að draga fjórhjól upp brekku þar sem nota þurfti fjallamennskuhæfileika. Ein þrautin snerist um að róa á kajak út á Urriðavatn þar sem skipta átti yfir í annan kajak sem fastur var þar við bauju og róa á honum til baka. Auka stig fengust fyrir að fara alveg í kaf, sem við gerðum að sjálf-sögðu. Ískalt en allt fyrir stigin! Til gamans má geta að Made in Sveitin var með besta árangurinn í þeirri grein. Einnig voru þrautir sem tengjast starf-

inu minna eins og að baka vöflur, sem er engu að síður mikilvægt - ég meina hver vill ekki heitar vöflur og kakó upp í skála eftir langan kaldan dag á fjöllum...?

Á milli þess sem við vorum að etja kappi í skipulögðu þrautunum var instagram leikur í gangi. Þá áttum við að taka myndir eða myndbönd af okkur gera ýmislegt skemmtilegt og setja á instagram síðu liðsins (Made-InSveitin fyrir áhugasama instagrammara). Þessar þrautir voru fjölbreyttar og skemmtilegar og voru allt frá því í að taka liðsfélagi í

bekkpessu, fara í köngulóarkaplaup við annað lið eða stoppa hjólreiðamann og fara yfir öryggisatriðin yfir í að drekka hrátt egg og borða prins póló, svona svo fátt eitt sé nefnt.

Alls kepptu 18 lið, víðs vegar af landinu, á þessum leikum og varð liðið okkar, Made in Sveitin í þriðja sæti. Við erum að sjálf-sögðu himinsæl með þann árangur og erum full tilhlökkunar fyrir næstu leika.

*Eydís Sigurgeirsdóttir*



*Fjallabjörgunarverkefni.*



*Made in Sveitin og Dívur frá Súlum á Akureyri.*



*Sigurliðin á sviði.*



*Óskum viðskiptavinum okkar glæðilegra jóla og farsældar á nýju ári.  
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.  
Jólakveðjur — Starfsfólk Bakarísins við Brúna*



BAKARÍÐ VIÐ BRÚNA

Opið virka daga frá kl. 7–18  
Um helgar kl. 7–16



# Útköll og aðstoðarbeiðnir

## 17. febrúar

Þennan dag fóru sex félagar Dalbjargar til aðstoðar vegna bíls sem sækja þurfti upp á Eyvindarstaðaheiði.

## 25. febrúar

Athugað var með tvo göngumenn sem sáust innarlega í Eyjafirði þennan dag, til að vara þá við slæmri veðurspá. Farið var inn að Vatnahjalla og Saurbæjarhreppur innri leit-aður, en ekkert fannst. Fjórir félagar tóku þátt í aðgerðinni.

## 8. mars

Félagi frá Dalbjörg var í svæðisstjórn í þessari aðgerð þar sem slasaður sleðamaður var aðstoðaður á Reykjaheiði.

## 13. mars

Útkall á Eyjafjarðardal við Fremri-Strangalæk. Um var að ræða tvo menn sem hugðust ganga á gönguskiðum yfir hálendið og hófu ferðina hjá Hólsgerði. Annar aðilinn lenti í snjóflóði þegar þeir voru komnir nokkuð áleiðis inn Eyjafjarðardalinn og óskuðu mennirnir því eftir aðstoð við að komast til byggða. Átta manns tóku þátt í aðgerðinni, auk eins í svæðisstjórn.

## 15. mars

Óskað eftir aðstoð vegna skíðamanns sem kenndi sér meins í kviði og var staddur í 11 manna hóp í Laugafelli. Farið var upp Skagafjörð á Dalbjörg 1 og 2 til aðstoðar. Var maðurinn og kona hans sótt og farið með

þau í Hótel Varmahlíð. Fjórir félagar tóku þátt í aðgerðinni.

## 16. mars

Aðstoðarbeiðni barst frá jeppamönnum sem staddir voru við Litla-Kot á Nýjabæjarfjalli á biluðum bíl. Sleðamenn fóru af stað á Dalbjörg 6 og 7 og komu varahlutum til manna.

## 30. mars

Útkall barst vegna vélsleðaslyss í Flateyjarðal. Tveir félagar fóru til aðstoðar á einkabíl og einn var í svæðisstjórn.

## 2. apríl

Útkall barst vegna leitar að erlendum ferðamanni sem staddur var í vondu veðri á Sigtúnafjalli, en hann hafði ætlað að ganga suður yfir hálendið. Göngu- og sleðamenn voru sendir af stað til leitar. Dalbjörg 1 og 2 fóru Garðsárdal en var snúið við. Dalbjörg 4,



Snædís Lind bílstjóri, leiðangur til að taka GPS punkta af gömlu Eyfirðingaleið.



Veðrið leikur ekki alltaf við okkur í útköllum.

## Við sinnum verkefnum í hinum ýmsu greinum byggingariðnaðarins

- Húsbyggingar
- Rafmagn
- Múrverk
- Þakviðgerðir
- Pípulagnir
- Málningarvinna
- Parketslípun
- Viðhald og breytingar



**ÁK SMÍÐI**



**Miðstöð ehf**

Ák Smíði ehf. • Sími 464 7870 • Miðstöð ehf. • Sími 462 5625  
Lónsbakka • 601 Akureyri • aksmidi@aksmidi.is • midstod@midstodehf.is



Aðstoðarbeiðni vegna bilaðs sleða á Skjöldal.

### 12. júní

Hjálparlið Dalbjargar bjó sig af stað vegna aðstoðarbeiðni frá Slökkviliðinu á Akureyri vegna elds í íbúðarhúsi á Eyvindarstöðum. Ekki kom til þess að aðstoðar sveitarinnar væri þörf.

### 18. ágúst

Útkall vegna sjóslýss á Siglufirði. Aðgerðin var afturkölluð áður en hópar Dalbjargar komust á staðinn.

### 11. október

Björgunarveitir á svæðinu voru fengnar til leitar að manni á og við Akureyri. Átta manns frá Dalbjörg sinntu þessu útkalli ásamt einum í svæðisstjórn.

### 13. október

Óskað var aðstoðar við að ná 15 hrossum sem stödd voru í Stóra-Stallagili norður undir Ytri Súlum. Fóru þrír göngumenn ásamt bil-

stjóra í verkið og einnig þrír af eigendum hrossanna. Hrossin fundust og farið var með þau niður að gömlu öskuhaugum. Einnig aðstoðuðu hjólamenn frá Tý, Svalbarðseyri við verkið.

### 10.-11. desember

Óveðursútköll á svæðinu. Fjölmargir félagar tóku þátt í ýmiss konar aðstoðarbeiðnum og útköllum þessa daga vegna óveðurs sem gekk yfir landið. Meðal verkefna voru fólksflutningar og aðstoð vegna rafmagnsleysis á hluta svæðisins. Einnig var aðstoðað við að hreinsa ísingu af rafmagnslínunum, ferja búnað og fleira.



28-31 – Útkall á Sigtúnafjall.

6 og 7 fóru á Kerhólsöxl ásamt þremur sleðum frá Dalvík og einum frá Tindi, Ólafsfirði. Leitað var við Sandárgil og síðar á Sigtúnafjalli þar sem maðurinn fannst heill á húfi í tjaldi sínu. Átta manns tóku þátt í aðgerðinni frá Dalbjörg auk eins í svæðisstjórn.

### 6. apríl

Fjórir félagar fóru í leiðangur upp úr Skagafirði á Dalbjörg 1 og 2, til að taka GPS punkta af vörðum á gömlu Eyfirðingaleið, frá Jökulsá í Bergland. Farið var heim um Kerhólsöxl.

### 9. apríl

Aðstoðarbeiðni barst vegna bilaðs sleða í Skjöldal. Tveir félagar fóru til aðstoðar á Dalbjörg 6 og 7 með verkfæri og varahluti meðferðis.



Útkall á Eyjafjarðardal 13. mars





### 11.-13. desember

Björgunarsveitir af öllu landinu tóku þátt í útkalli sem boðað var vegna drengs sem féll í krapaflóð í Núpá í Sölvadal, Eyjafjarðarsveit. Um var að ræða sérhæfða aðgerð þar sem að komu straumvatnsbjörgunarmenn, sérhæft leitarlið, þyrila Landhelgisgæslunnar og fleiri bjargir. Þá aðstoðuðu heimamenn við snjómokstur, flutninga og leiðarlýsingar við skipulagningu aðgerðarinnar ásamt því að sjá um mat og aðstöðu fyrir björgunarfólk ásamt teymi frá Rauða krossinum. Drengurinn fannst látinn eftir hádegi þann 13. desember. Hjálparveitin Dalbjörg vottar aðstandendum samúð sína.



Söfnunarsvæði bjarga að Smámunasafninu í Sólgarði 13. desember.



Rafmagnsstaurar við Hvamm í Eyjafjarðarsveit 13. desember.



Hittingur í klifurvegnum í Súluhúsinu.



Kassaklifur hjá unglingsdeild.

# Unglingsdeildin Bangsar

Unglingsdeildin Bangsar var stofnuð árið 2005 og hefur verið starfrækt síðan. Megin tilgangur með starfsemi er að vekja áhuga unglunga á björgunarsveitarstörfum og kynna sem flesta þætti starfsins fyrir þeim.

Síðastliðinn vetur var skipt um umsjónarmenn yfir unglingsdeildinni og tóku Ágúst Örn Viðisson og Eydís Sigurgeirsdóttir við taumunum af Bjarneyju Guðbjörnsdóttur. Á fyrsta fundi var Hjálparveitin Dalbjörg kynnt fyrir krökkunum, farið var létt yfir starfsemi sveitarinnar og tækjabúnaður skoðaður.

Reglulegir fundir voru út veturinn, margt brallað, mikið hlegið og síðast en ekki síst lærðu krökkarnir mikið. Við hittumst nokkru sinnum fyrir jólin 2018 og fór sá tími mest í að kynnast hvort öðru, starfsemi og búnaði. Eftir áramót var farið aðeins dýpra í nokkra þætti

tengda björgunarsstörfum. Til að mynda héldum við byrjendanámskeið í fyrstu hjálpar þar sem krökkarnir fræddust um grunnþætti fyrstu hjálparar og prufuðu að mæla lífsmörk á hvort öðru með tækjum, s.s. blóðþrýsting, puls og súrefnismettun. Við fórum í æfingafærð til Dalvíkur og unnum með unglingsdeild Dalvíkinga í verkefni sem krafðist þess að krökkarnir lærðu á snjóflóðayla og fleira. Þegar heim var komið fengu allir ís og fleira við mikla kátinu krakkanna.

Annað sem farið var létt yfir er hnútar, klifur, flutningur í börum og margt fleira.

Virkilega skemmtilegur hópur krakka þennan veturinn sem og aðra.

Ágúst Örn Viðisson



Okkar bestu óskir um  
**gleðileg jól og**  
**farsælt komandi ár,**  
með þökk fyrir viðskiptin á árinu.

# Tækjamót Slysavarnarfélagssins Landsbjargar

Í þetta sinn var tækjamótið haldið laugardaginn 30. mars á svæði 13, á Austurlandi. Hjá Dalbjörg er orðin hefð fyrir að taka þátt í þessum viðburði og engin undantekning var á því þetta árið. Voru nokkur okkar svo spennt að lagt var í hann seint á fimmtudegi og stefnan tekin á Möðrudal. Fleiri sveitir voru með í för; Strákar, Þingey og Ægir og var ætlunin að taka aukarúnt á föstudeginum á leið á tækjamótssvæðið. Sleðamenn og hinn Dalbjargarjeppinn ætluðu svo að koma austur beina leið eftir malbikinu á föstudagskvöldinu. Örlögin gripu reyndar í taumana og Ægisbillinn

bilaði rétt eftir brottför frá Grenivík og var úr leik, en Dalbjörg 1, Strákar og Þingey héldu áfram og gistu hjá Villa í Möðrudal.

Eftir góðan morgunmat hjá Villa á föstudeginum var lagt í hann. Sú gula skein á heiðum himni og lífið gat ekki verið mikið betra. Við þræddum gamla þjóðveginn frá Möðrudal áleiðis, en beygðum svo við afleggjarann inn í Sænaútasel. Þar má segja að ferðin hafi byrjað því nú þurfti að minnka loft í dekkjum og sumir þurftu jafnvel að taka vel á því. Við fórum inn með Ánavatni áleiðis til Brúardala, en merkilegt nokk eftir því sem við fórum lengra minnkaði bara

snjóinn. Fór það svo að við fórum niður hjá Brú á Jökuldal, yfir í Hrafnkelsdal og skammt fyrir sunnan bæinn Vaðbrekku beygðum við til að komast upp úr honum. Förinni var heitið þá leiðina inn að Kárahnjúkum, en ekki var búið að keyra lengi þegar fréttir bárust af aukahljóðum í öðrum Þingeyjarbílum.

Eftir smá vangaveltur og greiningu gegnum talstöð var nokkuð ljóst að framdrif væri brotið. Var þá ákveðið að þeir sneru við og héldu eftir þjóðvegi til Egilsstaða og voru þá aðeins Dalbjörg 1 og Strákar 2 eftir. Nú var slegið í fákana og við renndum sem leið lá inn að Desjarstíflu. Nokkur snjór var á henni en yfir fórum við og að Kárahnjúkastíflunni



Snædís, Davíð, Ragnar Ágúst og Hreiðar á Tækjamóti.



*Bestu óskir um gleðileg jól  
og farsælt nýtt ár*

**STEYPUSÖGUN NORDURLANDS**  
Sími 864 2530

*Bestu óskir um gleðileg jól  
og farsælt nýtt ár*

 **VÉLFANG**  
[www.velfang.is](http://www.velfang.is)



*Bestu óskir um gleðileg jól  
og farsælt  
nýtt ár!*

 **BB Byggingar ehf**  
Alhliða byggingaverktaki S: 862-3329 868-6422





sjálfri. Eftir skoðunarferð var farið til baka, haldið upp með Háslóni og förinni heitið inn að Sauðakofa. Gekk það ljómandi og eftir stutt stopp þar var stefnan tekin á Snæfellskála því þar áttum við kannski von á að hitta einhverja sem voru líka á leið á mótsstað. Við heyrðum þó í talstöðinni að þeir voru enn á jökli eftir stutt nestisstopp í Snæfelli var stefnan tekin til Egilsstaða, enda góðum degi tekið að halla. Héldum við áleiðis niður á Kárahnjúkaveg og þaðan Bessastaðabrekkurnar niður í Fljótsdal. Er við nálguðumst Egilsstaði fréttum við að Þingeyjarfélagar væru búnir að redda varahlutum því talstöðargreiningin hafði reynt rétt. Farið var með bílinn á verkstæðið á Finnsstöðum og hið brotna drif lagfært eftir sendingu varahluta með flugi frá Reykjavík. Bílinn var því kominn í lag um kl. 22 á

föstudagskvöldi. En nú voru allir mættir; Dalbjörg 2 og RAM með Dalbjargar-sleðana og gisti hópurinn á Eiðum.

Morguninn eftir var ræs í bítið því nú skyldi haldið á tækjamótið sjálft á Smjörvatnsheiði, efst í Jökuldal eða þar sem gamli og nýji þjóðvegur mætast. Þarna var samankominn gríðarlegur fjöldi tækja, jeppa og sleða. Sleðagengið lagði í hann á undan jippum enda léttari á sér. Fararstjóri jeppahóps var meistari Jón Sigurðsson í björgunarsveitinni Vopna. Þeysti nú hópurinn af stað á eftir honum út Jökuldalsheiðina og fyrsta stopp var á hóli nokkrum sem heitir Skjaldklofi. Ókum við svo þarna um eftir öruggri leiðsögn Jóns. Komumst við í margar brekkur og gil þar sem reyndi á tæki og bílstjóra og útsýnið var ekki af verri endanum, til Dyrfjalla, Héraðs og Vopnafjarðar.

Of langt mál yrði að telja upp öll þau örnefni sem urðu á vegi okkar. Sumsstaðar var leiðin ekki fyrir lofthrædda því hluta leiðarinnar vorum við um 1200 metrum yfir sjó. Þokaðist nú lestin í áttina að Hellsisheiði eystri og var degi tekið að halla þegar þangað var komið. Er niður í Jökulsárhlíðina var komið var pumpað í dekk og stefnan tekin í Eiðavelli, en þar beið dýrindismatur allra þeirra sem þátt tóku. Geggjaður dagur var að kvöldi kominn og sólin að kveðja. Eftir matinn tóku við rólegheit í bústaðnum, því ekki var laust við að fólk væri hálf dasað eftir daginn. Sunnudagurinn fór svo í heimferð og frágang.

Samferðafóki þakka ég fyrir góða ferð og björgunarsveitum fyrir austan, sérstaklega Jöklum og Vopna fyrir flott tækjamót.

*Ingvar P. Ingólfsson*



# Landsæfing 2019

Að þessu sinni var Landsæfing Slysavarnafélagsins Landsbjargar haldin á Snæfellsnesi (svæði 5), eða nánar tiltekið í nágrenni Ólafsvíkur. Þrjú félagar Dalbjargar tóku þátt og fóru þeir í samfloti við nágrennasveit okkar, Björgunarsveitina Súlur á Akureyri.

Haldið var af stað frá Hjalteyrargötu 12 á þremur bílum, með þrjú félagar frá okkur og átta frá Súlum, en tveir þeirra ætluðu að taka þátt í kafaraverkefnum á æfingunni. Á leiðinni bílaði einn bílanna og urðum við því að sameinast í hina tvo.

Ekið var vestur í leiðindaveðri, en þessa helgi var kröftug haustlægd að ganga yfir landið. Komum við á náttstað í grunnskólanum á Hellissandi þar sem við hvíldum okkur fyrir átökin.

Um morguninn var lagt af stað í slagveð-

ursrigningu í okkar fyrsta verkefni. Við höfðum skráð okkur í fyrstuhjálpar- og fjallabjörgunarverkefni. Vegna veðursins kom upp alvara og í tvígang þurfti að stöðva æfinguna. Fyrir vikið náðum við ekki að taka þátt í nema 3 verkefnum en þau voru blanda af fjallabjörgun og fyrstu hjálp. Unnum við öll verkefni með Súluólki nema kafarnir tveir urðu að sitja hjá vegna stormsins.

Samæfingar sem þessar eru haldnar á tveggja ára fresti og eru mikilvægur þáttur í samvinnu björgunarsveita landsins. Við lærðum mikið í ferðinni og komum reynslunni ríkari heim í fjörðinn fagra. Viljum við þakka samferðafólki okkar og skipuleggjendum æfingarinnar kærlega fyrir góða æfingu.

*Kristján, Bjarki og Gyða.*



Sjóvá

440 2400

## Það er mikilvægt að tryggja framtíð okkar nánustu.

Núna getur þú keypt  
líf- og sjúkdóma-  
tryggingu á netinu.

Náðar á: [sjova.is/lifogsjuk](http://sjova.is/lifogsjuk)

Gerum tryggingar betri



Bestu óskir um *gleðileg jól*  
og farsælt nýtt ár

# laomb inn

Öngulsstaðir



Bestu óskir um  
*gleðileg jól*  
og farsælt nýtt ár



VÉLSMIDJAN ÁSVERK

farming innovators



## Lely Center Ísland

Krókhálsi 5F • 110 Reykjavík • Sími: 414-0000 • Kt.: 450109-0100  
Óðinsnes 2 • 603 Akureyri • Sími: 464-8600

Bestu óskir um *gleðileg jól*  
og farsælt nýtt ár



Bestu óskir um *gleðileg jól*  
og farsælt nýtt ár

# SPORTVER

Bestu óskir um *gleðileg jól*  
og farsælt nýtt ár



Óðinsnes 2 - Sími 460 4800



# FLUGELDA MARKAÐURINN HRAFNAGILSSKÓLA



## AFGREIÐSLUTÍMI:

- 28. desember kl. 13–22
- 29.–30. desember kl. 10–22
- 31. desember kl. 9–16
- 5. janúar kl. 19–21

Flugeldasími: 863 1271

# HJÁLPARSVEITIN DALBJÖRG



# Styrkveitingar

## Akureyri Fish and Chips

Veitingastaðurinn **Akureyri Fish and Chips** hefur síðan í mars 2017 safnað öllu sínu þjófí til styrktar Hjálparveitinni Dalbjörg og varð engin breyting á því í ár. Við kunnum aðstandendum staðarins kærar þakkir fyrir góðvildina.

## Kvenfélögin í Eyjafjarðarsveit

Kvenfélögin þrjú í Eyjafjarðarsveit; **Kvenfélagið Aldan/Voröld**, **Kvenfélagið Hjálpin** og **Kvenfélagið Iðunn** hafa veitt Hjálparveitinni Dalbjörg veglegan styrk með kaupum á sérhæfðum sjúkrabörum og hjólabúnaði, til þess gerðum að auðvelda flutning

slasaðra. Búnaðurinn hefur þegar verið pantaður og er væntanlegur til okkar á næsta ári. Við þökkum kvenfélögunum innilega fyrir þeirra stóra framlag.

Að sjálfsögðu eru einnig fleiri sem styrkja og styðja við starfið okkar með ýmsum hætti. Við þökkum öllum velunnurum sveitarinnar hjartanlega fyrir þeirra framlög síðustu árin, í hvaða formi sem þau hafa verið. Hlyhugur fólksins í kringum okkur skiptir miklu í starfinu okkar.

Meðfylgjandi eru myndir af félögum Dalbjargar í leik og starfi.



*Bestu óskir um  
gledileg jól  
og farsælt nýtt ár*



**STRAUMRÁS hf.**



# DALBJÖRG ÞAKKAR VEITAN STUDNING



**SAMHERJI**



**HRANASTAÐIR**



**Bíla- og búvélaverkstæði  
Jóns Jónssonar**



Óseyri 4 - Sími 462 7799



Njarðarnes 9 - 603 Akureyri  
Sími 412-0400 - Fax 412-0401



## Sérsmíðum innréttingar og innihurðir

Teiknum og gerum verðtilboð



Njarðarnesi 14 · 603 Akureyri · Sími 460 6100  
www.ssbyggir.is · harpa@tak.is



# Æfingar og fleira

Þetta árið var mikið um æfingar hjá okkur af ýmsu tagi, s.s. sleðaæfingar, spottaæfingar, snjóflóðaleit, hundaæfingar og svo má lengi telja. Hér eru nokkrar frásagnir af æfingum hjá okkur ásamt myndum.

- Strax þann 1. janúar voru nýju sleðarnir okkar tilkeyrðir þegar Kristján og Bjarki skrúpu í Vaglaskóg og Þórðarstaðaskóg. Þann 2. febrúar var aftur farið í æfingaferð.
- Þann 11. febrúar fóru sex félagar á snjóflóðaæfingu í Hlíðarfjalli.
- Sleðamenn könnuðu aðastæður í Vatnahjalla og Berglandi þann 9. mars.
- Dagana 16.-17. mars var haldin hundaæfing í Vaðlaheiði og sóttu hana tveir félagar ásamt hundinum --. Gaman er að segja frá því að eftir æfinguna var hundurinn kominn með C-próf í snjóflóðaleit.
- Þann 16. mars fóru sleðamenn um Vatnahjalla, Bergland og Laugafell. Aftur var farin æfingaferð 7. apríl og eknir um 170 km, en þá var farið um Glerárdal, Skjöldal, Hagárdal, Hraunárdal, Hvassafellsdal, Strjúgsárdal, Villingadal og til baka. Þann 8. apríl var síðan farið í Laugafell.
- Nokkrar æfingar voru haldnar fyrir Björgunarleikana í vor, s.s. spottaæfingar og fleira.
- Þann 14. maí fóru félagar á sleðum um Hlíðarfjall, Glerárdal, Skjöldal og að Litlakoti og Berglandi.
- Vegna Landsæfingar sem haldin var 4.-5. maí sóttu félagar Dalbjargar nokkrar æfingar með öðrum sveitum hér á svæðinu, s.s. í fjallabjörgun,

fyrstu hjálp o.fl. auk þess að taka sjálfstæðar æfingar í nærumhverfinu, til dæmis uppi í Reykargili.

- Það er nauðsynlegt að kunna á tæki og tól, svo þann 29. nóvember hittust nokkrir aðilar frá Dalbjörg, Tý, Þingey og Súlum og prófuðu m.a. hitamyndavélar, sjónauka og skoðuðu dróna í eigu Þingeyjar.
- Þann 1. desember var farin dagsferð í Flateyjardal á Dalbjörg 1 og 2 ásamt Súlum, Þingey og Ægi. Tíu félagar fóru í ferðina og skemmtu sér vel.



Æfing með Súlum.



Æfingaferð á Flateyjardal.



Snædis og Kató á Flateyjardal.



Fjallabjörgunaræfing í Reykargili.





Við Harðarvöðu.



Bjarki kátur á fjallabjörgunarfingu með Súlum við Glerá.



Á Glerárdal.



Bjarki, Kristján og Ólafur Ingi við æfingar í Reykargili.



Við Bergland.



Snjóflóðaæfing í Hlíðarfalli.



Hreiðar og Jörundur í góðum gir



Jörundur á hundaæfingu, kominn með C-próf í snjóflóðaleit.



Veðrið lék við þátttakendur á hundaæfingu í Vaðlaheiði.

# Molar

## Viðburðir

Tækjamót Slysavarnafélagsins Landsbjargar var haldið þann 30. mars og sóttu það nokkrir félagar. Umfjöllun um það má sjá annars staðar í blaðinu. Hin árlega Páskaganga Dalbjargar var haldin á föstudaginn langa og var góð mæting þetta árið. Sumardaginn fyrsta, 25. apríl, fóru fjórir félagar með hluta af tækjunum okkar til sýningar á Melgerðismelum. Fjölskyldudagurinn var haldinn þann 1. maí á Lágheiði. Landsæfing Slysavarnafélagsins Landsbjargar var haldin á Snæfellsnesi dagana 4.-5. maí og þangað fóru þrír félagar. Finna má umfjöllun um æfinguna á öðrum stað í blaðinu. Björgunarleikar og Landsþing Slysavarnafélagsins Landsbjargar voru haldin dagana 17.-19. maí á Egilsstöðum. Átta manns fóru austur til að taka þátt í þingi og leikum og höfðu gaman af. Nánari umfjöllun um leikana má sjá annars staðar í blaðinu, en liðið okkar lenti í þriðja sæti.

Þann 22. maí aðstoðuðu félagar sveitarinnar við utanumhald við Minningarhlaup Ólivers sem haldið var í Hrafnagilshverfi. Einn félagi fór í Hálandsvakt í sumar. Nokkrir félagar fóru í afmælisveislu hjá Súlum, björgunarsveitinni á Akureyri þann 30. október, en sveitin fagnaði 20 ára afmæli. Þeim voru færðar Hallas sjúkrabörur frá Dalbjörg, Strákum á Siglufirði, Tindi Ólafsfirði, Björgunarsveitinni á Dalvík og Tý á Svalbarðseyri í tilefni dagsins.

Hin árlega reykskynjarayfirferð og sala Neyðarkalls var farin dagana 31. október til 3. nóvember. Litlu-jól Dalbjargar voru haldin á Lamb-inn þann 6. desember.

## Haustferð 17. nóvember

Farið var á Dalbjörg 1 og 2 inn að Hjaltadal að vestanverðu og til baka að austan. Þar rakst okkar fólk á smala sem hafði fest bíl sinn og kom honum til aðstoðar. Komið var við á Skólavörðu á bakaleiðinni, stoppað og borðað áður en haldið var heim. Í ferðina fóru sjö félagar.

## Fjáraflanir

Flugeldasalan fór fram með hefðbundnu sniði í Hrafnagilsskóla. Unnið var við gæslu á tjaldsvæði í júnímánuði. Vinna við Handverkshátíð hófst þann 18. júlí og stóð með hléum til 14. ágúst þegar sýningin var tekin niður, en einnig sáu Dalbjargarfélagar um sjúkragæslu á sýngunni.



Drottningin sjálf. Hálandsvakt 2019.

## Fundir, ráðstefnur o.fl.

Aðalfundur Hjálparveitarinnar var haldinn þann 25. apríl 2019. Í stjórn sitja nú Eiður Jónsson, Jóhannes Jakobsson, Ingvar Þ. Ingólfsson, Hreiðar Fannar Víðisson og Kristján Hermann Tryggvason. Almennir fundir á árinu voru níu talsins og stjórnarfundir 11. Flugeldafundir og handverksfundir voru haldnir eftir þörfum. Vinnukvöld og vinnudagar voru samtals 59 talsins og „vikulegir“ fundir sem haldnir eru á mánudögum voru 29. Unglingadeild hittist níu sinnum yfir árið. Tveir félagar sóttu fundi svæðisstjórnar auk þess sem annar fulltrúi okkar í svæðisstjórn sótti aðgerðarráðstefnu á Hólum í Hjaltadal dagana 15.-17. febrúar. Þá funduðu þrír félagar með Almannaörnum Eyjafjarðar 28. nóvember. Aðrir fundir, s.s. hópa-fundur og slíkt voru allnokkrir. Formaður sótti fulltrúaráðsfund þann 23. nóvember.

## Námskeið

Annar félagi sveitarinnar í svæðisstjórn sótti aðgerðastjórnunarnámskeið þann 8. apríl. Þá sóttu þrír félagar Fjarskipti 1 á Grenivík og tveir félagar Björgunarmann í aðgerðum á Dalvík. Önnur námskeið voru tekin eftir þörfum og einnig á veraldarvefnum í fjarnámi.



Gamlir félagar við Skólavörðu.



Úr haustferð Dalbjargar.



[www.buvis.is](http://www.buvis.is)  
Verið velkomin á vefsíðu okkar

TRAUST OG GÆÐI  
VELDU BÆÐI

# Gæða áburður á góðu verði

**Búvís**  
Akureyri

Búvís ehf. | Akureyri | Sími 465 1332 | [www.buvis.is](http://www.buvis.is)

*Óskum viðskiptavinum okkar og  
landsmönnum öllum gleðiríkrar  
jólahátíðar og farsældar á nýju ári.*

*Þökkum góð samskipti  
á árinu sem er að líða.*

*Starfsfólk Norðurorku*



**NORÐURORKA**  
VIRÐING – FAGMENNSKA – TRAUST

*Jól*  
2019





Dalbjörg 2 í stórræðum.

## Breytingar á Dalbjörg 2


Nú á vordögum var ákveðið að fara í miklar breytingar á Patrolnum okkar, Dalbjörg 2. Farið var með bílinn suður á land í mótorskipti hjá Atla í Stálsmiðjunni Knarra.

Í bílinn var settur Benz mótör og sjálfskipting úr Patrol. Einnig var settur gegnumgangandi stýristjakkur. Eftir þessa breytingu eignuðumst við hreinlega nýtt björgunartæki. Mikil breyting varð á aksturs-eiginleikum bílsins og er hann nú mun kraftmeiri og áreiðanlegri sem björgunartæki. Við erum mjög ánægð með bílinn og þessar breytingar og hlökkum til að takast á við komandi verkefni.

*Bestu óskir um  
gledileg jól  
og farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á liðnu ári.*



**GREIFINN**  
RESTAURANT



[www.greifinn.is](http://www.greifinn.is) | Sími: 460 1600



*Sendum Eyfirðingum  
okkar bestu jóla- og nýárskveðjur  
með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða*



**Garðsbúið ehf.** Eyjafjarðarsveit





*Bestu óskir um  
gledileg jól  
og farsælt nýtt ár*



*Bestu óskir um gledileg jól og farsælt nýtt ár*

**G.HJÁLMARSSON** H F  
AKUREYRI



*Bestu óskir um  
gledileg jól  
og farsælt nýtt ár*



**HÚSASMÍÐJAN**  
Lónsbakka · Sími 460 3500 · husa.is



*Bestu óskir um gledileg jól  
og farsælt  
nýtt ár!*

**G** Gröfur  
**V**

Óseyri 2 • 603 Akureyri  
Sími 462 5700 • Fax 462 5701

**MALBIKUN**  
AKUREYRAR

Óseyri 8, 600 Akureyri · Sími: 854 2211 · malbikun.is

# Björgunarsveitin Týr Svalbarðseyri

Starfsárið 2019 var gott og mikill upp-gangur er í starfi sveitarinnar. Vinna í húsnæði sveitarinnar gekk vel á árinu og endurbæturnar mjakast alltaf í rétta átt. Við tókum þá ákvörðun að vinna að endurbótum mest megnis sjálf og gengur það eðlilega ekki jafn hratt, eins og ef við færum í að kaupa alla vinnu.

Æfingar sveitarinnar voru af ýmsum toga. Leitarhundateymin okkar æfðu mikið og héldu báðir hundarnir A-gráðu í bæði snjóflóðum og víðavangsléit, en það er hæsta prófgráða sem hundarnir geta fengið.

Samæfing á svæði 11 var haldin með góðum árangri. Lögð var áhersla á leit á

landi og fjallabjörgun. Mæting á æfinguna heilt yfir hefði mátt vera betri en aðeins voru meðlimir frá þremur sveitum á svæði 11.

Æfing viðbragsaðila við snjóflóði í Hlíðarfjalli er orðin árleg æfing og er hún í hæsta gæðaflokki. Æft er viðbragð allt frá leit að sjúklingum fram að því að sjúkrahúsið taki við þeim og hlúi að þeim. Svona æfingar draga alltaf fram eitthvað sem má laga, en á sama tíma minna okkur á að við erum að standa okkur vel og eigum virkilega fært fólk á öllum stigum viðbragðsins.

Tækjamót Landsbjargar var haldið á árinu en það er haldið á tveggja ára fresti. Virkilega góð þátttaka var á tækjamótinu og met þátttaka var. Skipulag og utanumhald var mest megnis á herðum björgunarsveitanna Jökuls í Jökuldal og Vopna frá Vopnafirði og ekki var hægt að finna einn hlut til að kvarta yfir. Skipulag var frábært, svefnaðstaða góð og ekki væri hægt að finna flottari og skemmtilegri leið til að keyra á einum degi.

Fjáraflanir fara framur okkar björtustu vonum á hverju ári. Neyðarkalls- og flugeldasala ganga alltaf miklu betur en árið áður og erum við full þakklætis og auðmýktar þegar kemur að velvilja íbúa í okkar sveitarfélagi og frá starfsmönnum sveitarfélagsins. Það virðist ekki skipta máli hvað við biðjum um við fáum alltaf alla þá aðstoð sem við getum fengið.

Því miður var starfsárið ekki bara dans á rósum. Á árinu misstum við leitarhundinn Skottu. Skotta var búinn að sinna björgunarsveitarstarfi frá því að hún var þriggja mánaða og átti því tæpan tíu ára starfsferil

af baki í björgunarsveit. Skotta var framúrskarandi leitarhundur, hennar helstu kostir var gífurlega mikill vilji og gleði til vinnu. Skotta fann eina manneskju í útkalli og tók þátt í mjög mörgum verkefnum og útköllum.

Að lokum viljum við þakka öllum sem standa að baki sveitarinnar með einum eða öðrum hætti. Það er alveg ljóst að ekki er hægt að gera út björgunarsveit nema með skilningi allra í samfélaginu. Vinnuveitendur, fjölskyldur og velunnarar eru jafn stór þáttur í að reka björgunarsveit og meðlimir sveitarinnar. Án ykkar væri þetta ekki hægt.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Kveðja,

Björgunarsveitin Týr, Svalbarðseyri



Amar Logi og Skotta.



Samæfing, svæði 11.



Kindum bjargað úr fönn.



Stefán Ari og Arnar Logi í Öxnadal við línuvinnu.

# Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili



Óskum starfsmönnum okkar og viðskiptavinum  
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

## Allar vörur til ræstinga, áhöld, hreinsiefni, pappír og plast

- Hjá Þrif- og ræstivörum starfa nú um 60 manns við ræstingar og hreingerningar af öllum stærðum og gerðum.
- Í dag þjónustum við um 50 fyrirtæki og stofnanir í daglegri ræstingu.
- Auk þess rekum við öfluga hreingerninga- og sérverkefnadeild.

### Dagleg eða regluleg þrif:

- Gluggaþvottur
- Aðalhreingerningar
- Viðhald gólfefna
- Bónleysing og bónun gólfefna
- Salernis- og kísilhreinsun
- Teppa- og flísahreinsun
- Þrif eftir iðnaðarmenn
- Bruna- og vatnstjónaþrif
- Veggja-, lofta-, ljósa- og gluggaþrif

Gerum föst verðtilboð í öll verk, stór eða smá, þér að kostnaðarlausu.  
Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar ávallt:  
Hámarksgæði og árangur, persónulega og góða þjónustu.



Frosta götu 4 C 603 Akureyri  
Símar: 461-5232 / 892 5232  
865 2425 (vaktsími allan sólarhringinn)  
Netfang: thrif@thrif.is Veffang: www.thrif.is



*Gledileg jól og farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.*

**FINNUR EHF**  
VERKTAKAR - VÉLALEIGA